

## REGLUR

### um endurgreiðslu söluskatts af iðgjöldum af ábyrgðartryggingu bifreiða í eigu fatlaðra.

#### 1. gr.

Endurgreiðsla samkvæmt reglum þessum tekur til lögboðinnar skyldutryggingar á bifreiðum eins og þær eru skilgreindar í 4. mgr. 2. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

#### 2. gr.

Rétt til endurgreiðslu eiga þessir:

1. Örorkulífeyrisþegar (75% örorkumat eða meira).
2. Örorrustyrkþegar lífeyristrygginga og slysatrygginga (50–74% örorkumat).
3. Foreldrar barna sem njóta barnaörorkustyrkja samkvæmt lögum nr. 67/1917, um almannatryggingar, með síðari breytingum.
4. Foreldrar barna sem njóta greiðslna samkvæmt 10. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra.

Réttindi þessi ná ekki til ellilífeyrisþega.

#### 3. gr.

Því aðeins kemur til endurgreiðslu að hlutaðeigandi njóti bótagreiðslna í upphafi váttryggingartímabils bifreiðar. Endurgreiðsla miðast við tryggingartímabilið 1. mars 1988 til 28. febrúar 1989 og tekur til einnar bifreiðar hins fatlaða eða fjölskyldu hans.

#### 4. gr.

Umsóknir um endurgreiðslu skulu skráðar á sérstök eyðublöð sem Tryggingastofnun ríkisins lætur í té. Með umsókn skulu fylgja kvittanir tryggingarfélags fyrir greiðslu ábyrgðartryggingar.

Greiðsludeild Tryggingastofnunar ríkisins annast endurgreiðslu með póstsendum ávísunum, þegar stofnunin eða umboðsmenn hennar hafa metið hvort skilyrði séu fyrir hendi.

#### 5. gr.

Ríkisféhirðir endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins útlagt fé svo og annan kostnað sem stofnunin hefur af framkvæmdinni. Uppgjör skal fara fram mánaðarlega fyrir 10. dag næsta mánaðar.

#### 6. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í lögum nr. 66/1988, um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, og að höfðu samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið varðandi greiðsluhlutverk Tryggingastofnunar ríkisins, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 25. ágúst 1988.*

**Jón Baldvin Hannibalsson.**

*Lárus Ögmundsson.*